



Alþýðusamband Íslands

Aðildarviðræður að Evrópusambandinu undirbúnaðar

Undirbúningur af hálfu Íslands vegna aðildarviðræðna við Evrópusambandið er nú kominn á nokkuð skrið. Verkefnið til að byrja með er að bera saman íslenska löggjöf og regluverk ESB og greina hvar reglurnar fara saman og hvar skilur á milli, annað hvort vegna þess að sambærilegar reglur skortir hér á landi eða að þær eru ólíkar. Á grundvelli þessarar vinnu munu áherslur og samningsmarkmið Íslands í viðræðunum við Evrópusambandið mótast enn frekar og þróast. Reiknað er með að eiginlegar samningaviðræður við ESB hefjist í apríl nk. og að þær standi þar til niðurstaða fæst, nema það slitni upp úr viðræðum áður en af því verður.

Alþýðusamband Íslands hefur lagt ríka áhersla á að samtök launafólks verði virkur þátttakandi í undirbúningnum og síðan aðildarviðræðunum sjálfum. Niðurstaðan er sú að fulltrúar ASÍ starfa í öllum samningahópunum níu, sem fjalla um þau málefnasvið sem eru undir. Af hálfu ASÍ hefur verið lögð áhersla á að undirbúa samningafólkið sem best undir þessa vinnu. Í þeim tilgangi hafa m.a. verið haldin námskeið í samstarfi Háskólann í Reykjavík um Evrópusambandið og helstu málaflokka sem fjallað verður um í væntanlegum samningaviðræðum. Jafnframt hefur á vettvangi Alþýðusambandsins verið unnið að því að samræma vinnubrögð, skipuleggja samstarf og samráð samningafólksins og málefnanefnda ASÍ og tryggja upplýsingaflæði varðandi framgang viðræðnanna og þau álitafni sem þar munu koma upp.

Af hálfu forystu Alþýðusambandsins er litið þannig á að hlutverk þess í samningunum eigi einkum að vera tvíþætt. Annars vegar að koma á framfæri og vinna að framgangi þeirra samningsmarkmiða sem Alþýðusambandið hefur þegar mótað á ársfundum sínum og sett verða fram af hálfu sambandsins í samningaferlinu sjálfu. Þar sem markmiðið er að tryggja hagsmuni launafólks, bæði almennt og gagnvart vinnumarkaðinum sérstaklega, í viðræðunum þannig að ásættanleg niðurstaða fái. Hins vegar að tryggja eins og kostur er að félagsmenn í aðildarsamtökum ASÍ og allur almenningur fá sem bestar og sannastar upplýsingar um efni viðræðnanna við ESB, framgang þeirra og þau álita- og ágreiningsmál sem þar eru uppi á hverjum tíma. Þar sem lögð verði áhersla á að setja fram allar hliðar mála, meta kosti og galla, og auðvelda félagsmönnum þannig að fylgjast með viðræðunum og taka síðan upplýsta afstöðu til samningsniðurstöðunnar, þegar hún liggur fyrir.

Til að greiða fyrir því verkefni Alþýðusambandsins sem snýr að upplýsingamiðlun til félagsmanna hefur verið settur upp sérstakur hnappur á heimasíðu ASÍ, *ESB – aðildarviðræður*, þar sem birtar verða fréttir og ýmis gögn er varða aðildarviðræðurnar.

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ